

Sp.

91. Tillaga til þingsályktunar

[84. mál]

um jarðhitaleit á Snæfellsnesi.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að jarðhitarannsóknir verði gerðar á Snæfellsnesi í samráði við heimamenn, svo að hið fyrsta fáiast nægar upplýsingar um nýtanlegan jarðhita á þessu svæði.

Greinargerð.

Svo sem alkunna er hafa orðið miklar sviptingar á alþjóðlegum orkumarkaði á undanförnum missirum. Hin mikla verðhækkun á olíu varð til þess að minna þjóðir heims alvarlega á, hversu erfitt og valt er að vera háður innfluttum orkugjöfum um of.

Athygli manna hefur því mjög beinst að innlendum orkugjöfum, að íslenskum náttúruauðlindum og hagnýtingu þeirra í þágu þjóðarinnar allrar. Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er talið meðal brýnustu verkefna að gera áætlun um virkjun vatns- og varmaorku landsins, þannig að næg orka verði fyrir hendi til almenningsþarfa og aukins iðnaðar og iðju. Jafnframt skuli stefnt að því að koma upp hitaveitum, þar sem aðstæður leyfa, en tryggja öðrum sem fyrst raforku til húshitunar. Svo er nú komið, að farið er að ræða í fullri alvöru um flutning á heitu vatni milli landa og landshluta með hagkvæmum hætti.

Snæfellsnes hefur ekki verið talið auðugt að jarðvarma miðað við ýmis önnur héruð landsins. Þó er það enn lítt kannað að þessu leyti. Sumarið 1972 lét Orkustofnun gera athuganir á jarðhitalíkum á nesinu að ósk sveitarfélaganna á Hellisandi, Ólafsvík, Grundarfirði og ráðamanna Lárósstöðvarinnar hf. í Eyrarsveit. Var þar aðallega um yfirborðsrannsóknir að ræða og jarðfræðilegar athuganir, en talið, að frekari könnun yrði að fara fram með borun, sjá greinargerð Guðmundar Guðmundssonar og Karls Grönvold um rannsókn á jarðhitalíkum á norðvestanverðu Snæfellsnesi í des. 1972. Skv. henni hefur jarðhiti fundist á þessum stöðum:

Landbrotslaug	58°C
Kolviðarneslaug	64°C
Lýsuhóll	41°C
Syðri-Rauðamelur	42°C
Bergsholt	22°C
Kolgrafarfjörður, sennilega	50°C.

Bent er á það sérkenni Snæfellsness, að þar sé mikið um ölkeldur 6—10°C heitar, en alls óljóst sé um mögulegt samband þeirra við jarðhitann. Vitað er um heitt vatn á nokkrum stöðum í Breiðafjarðareyjum.

Í júní 1975 fór fram jarðhitaleit í Grundarfirði og nágrenni að beiðni hreppsnefndar Eyrarsveitar. Athuganir þessar voru gerðar af starfsmönnum Jarðhita-

deildar Orkustofnunar, Ingvari Birgi Friðleifssyni og Axel Björnssyni. Skýrsla verður gefin út um þær rannsóknir, þegar úrvinnslu gagna er að fullu lokið, en í ágripi af niðurstöðum þeirra segir svo m. a.:

„Það hefur háð jarðhitaleit á norðanverðu Snæfellsnesi, hversu skammt alhliða rannsóknir á eiginleikum og dreifingu jarðhita á nesinu eru á veg komnar. Allt þekkt jarðhitavatn á Snæfellsnesi er ölkelduvatn og talsvert frábrugðið heitu vatni á flestum öðrum lágghitasvæðum landsins að efnasamsetningu og e. t. v. uppruna. Þá eru kaldar ölkeldur mun algengari á Snæfellsnesi en í öðrum landshlutum. Æskilegt væri að gera heildarkönnun á jarðhita á Snæfellsnesi líkt og gert hefur verið í nokkrum byggðarlögum sunnanlands og norðan. Slik heildarkönnun byggist á nákvæmri jarðfræðikortlagningu og jarðeðlisfræðilegum mælingum á stórum svæðum umhverfis jarðhitastaði, svo og rannsókn á efnainnihaldi heita vatnsins. Að heildarkönnun lokinni er mun kostnaðarminna og öruggara að athuga nánar einstök svæði með tilliti til borana fyrir þéttbýlisstaði og byggðakjarna.“

Með bréfi, dags. 27. júní 1975, rituðu oddviti Eyrarsveitar, Halldór Finnsson, og sveitarstjóri, Árni Emilsson, erindi til sýslunefndar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um þetta efni. Þar leggja þeir áherslu á, að rannsóknum á jarðvarma verði haldið áfram á Snæfellsnesi, m. a. með djúpbörum í nágrenni Grundarfjarðar, sem jafnframt gæti veitt upplýsingar um jarðhitalíkur á norðanverðu nesinu.

Um erindi þetta var fjallað á aðalfundi sýslunefndar snæfellinga 1. júlí s. l. Sýslunefndin samþykkti einróma að styðja þetta mál og vinna að framgangi þess í samráði við yfirstjórn orkumála. Svo sem áður er að vikið er það mjög brýnt hagsmunamál í hverju héraði að fá sem allra fyrst glögga vitneskju um nýtanlegan jarðvarma í byggðarlaginu. Tillaga þessi er flutt í því skyni að hraða at-
hugunum og framkvæmdum í þessum efnunum á Snæfellsnesi.